

Útflutningur dilkakjöts mikilvægur bæði bændum og afurðastöðvum

„Það er alveg ljóst að það er og verður nauðsynlegt að flytja út lambakjöt. Við reiknum með að halda áfram útflutningi á svipuðum nótum til Færeyja, Bretlands og væntanlega einnig Noregs. Að okkar mati er afar mikilvægt að halda okkar stöðu á þessum mörkuðum, auk þess sem við höfum verið að skoða möguleika á útflutningi inn á nýja markaði,“ segir Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska.

„Þessi lága skráning á krónunni hefur óneitanlega skapað okkur tækifæri til útflutnings, en samt sem áður er ekki auðvelt við þetta að eiga, enda er krepp-

an víðar en á Íslandi og lambakjötið er hvergi ódýrasta kjötið. Í kreppu er staðreynd að fólk leitar í ódýrari matvæli. Við höfum séð glögg merki um þetta hér heima. Sem dæmi hefur svínakjötið lækkað í verði á síðustu mánuðum vegna offramboðs og það hefur strax komið fram í samdrætti í sölu á lambakjöti.

Í mínum huga liggur alveg ljóst fyrir að til þess að mögulegt sé að hafa áfram svipaða framleiðslu á lambakjöti í landinu verður að flytja út umtalsvert magn. Eins og staðan er í dag er þörfin fyrir útflutning á lambakjöti tæp tvö þúsund tonn á ári og mögulega þyrfti hann að vera meiri

núna til þess að ná endum saman vegna sölusamdráttar á innanlandsmarkaði. Að óbreyttu er í raun aðeins tvennt í stöðunni; annað hvort verði dregið úr lambakjötsframleiðslunni eða lögð áhersla á útflutninginn og ætlum við að gera,“ segir Sigmundur.

Ingvar Már Gíslason, markaðsstjóri Norðlenska, segir að fyrirtækið hafi náð góðum árangri með framleiðsluvörur sínar í Færeyjum, enda sé þar mikil hefð fyrir neyslu á lambakjöti. „Við seljum umtalsvert magn af lambakjöti til Færeyja, t.d. læri, hryggi, súpukjöt og saltkjöt. Þessi markaður skiptir okkur því miklu máli og við munum áfram leggja mikla áherslu á hann,“ segir Ingvar.

Að sögn Reynis Eiríkssonar, framleiðslustjóra Norðlenska, verða garnir fluttar út á nýjan leik í haust, en nokkurra ára uppihald hefur verið í þeim útflutningi. Ástæðan er einfaldlega sú að vegna lágs gengis krónunnar borgar þessi útflutningur sig á ný. Þá segir Reynir að unnið sé að því að skoða nýja mögulega markaði fyrir sauðfjárafurðir, en of snemmt sé að segja hvað út úr þeim þreifingum komi.



Sláturtíð hefst á Húsavík 27. ágúst - og á Höfn hefst haustslátrun 21. september

Haustslátrun sauðfjár hjá Norðlenska á Húsavík hefst fimmtudaginn 27. ágúst og er um svokallaða forslátrun að ræða þann dag og föstudaginn 28. ágúst. Hin eiginlega haustslátrun, með fullmönnuðu húsi, hefst síðan mánudaginn 31. ágúst og er miðað við að henni ljúki 23. október. Á Höfn hefst haustslátrun hins vegar 21. september og lýkur 30. október.

Til samanburðar var forslátrun á Húsavík 28. ágúst í fyrra og hin eiginlega haustsláturtíð hófst 1. september. Á Höfn hófst haustslátrun 16. september í fyrra. Þá gekk afar erfiðlega að fá dilka til slátrunar fyrstu daga sláturtíðarinnar og í því ljósi var ákveðið að færa hana aftur til 21. september í ár.

Innleggjendur hjá Norðlenska sem ekki hafa enn sent inn sláturfjárloforð eru beðnir að gera það hið fyrsta. Hægt er að skila inn sláturfjárloforði í bréfi eða á faxi. Fyrir þá sem slátra á Húsavík er pósthafið: Norðlenska, Þingeyjarsýslubraut, 640 Húsavík, faxnúmer er 460 8881 og netfang simmih@nordlenska.is. Fyrir þá sem slátra á Höfn er pósthafið: Norðlenska, Heppuvegi, 780 Höfn, faxnúmer 460 8871 og netfang oinar@nordlenska.is. Einnig er unnt að senda inn sláturfjárloforð í gegnum heimasíðu Norðlenska - sjá Bændur/Sláturfjárloforð. Þá er hægt að hringja inn sláturfjárloforð í síma 460 8850.

Verðskrá sauðfjárafurða birt á heimasíðu Norðlenska

Verðskrá Norðlenska verður birt á heimasíðu félagsins, enda hefur reynslan verið sú að verðskráin tekur einhverjum breytingum frá fyrstu birtingu hennar. Einnig verður verðskrá send til þeirra bænda sem þess óska.

Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska, undirstríkar að innleggjendur, sem eru með samninga við Norðlenska, muni, eins og viðskiptasamningar kveði á um, fá greitt samkeppnishæft verð fyrir afurðir sínar.

Verðlagning sauðfjárafurða tekur í haust m.a. mið af því að samkvæmt gildandi búvörulögum féll útflutningsskylda á dilkakjöti niður frá og með 1. júní sl., en síðasta haust var 28% útflutningsskylda á dilkakjöti.

Greiðslustaða Norðlenska er góð

- segir Árni Magnússon, fjármálastjóri Norðlenska

„Lágt gengi krónunnar hefur veruleg áhrif á rekstur Norðlenska eins og allra annarra fyrirtækja í landinu, sem eru með erlend lán. Þetta birtist í hærri greiðslu-byrði af lánum og einnig hefur höfuðstóll lána í erlendri mynt hækkað, sem er gjaldfært á reksturinn og rýrir eigið fé fyrirtækisins. Þessi gengisþróun hófst á fyrrihluta síðasta árs, en steininn tók úr í kjölfar bankahrunsins sl. haust,“ segir Árni Magnússon, fjármálastjóri Norðlenska.

„Engu að síður stöndum við í skilum

með allar okkar greiðslur og höfum ekki þurft að fresta neinum greiðslum. Við höfum samið við okkar viðskiptabanka um lengingu á einu láni, en að öðru leyti er allt óbreytt og við höfum haldið okkar striki og staðið í skilum.“

Afurðalán vegna haustslátrunar er tryggt

Árni segir það hafa verið mikilvægt fyrir Norðlenska að fá yfirlýsingu frá Landsbankanum um að hann ábyrgðist afurða-

lán til þess að tryggja greiðslur til bænda fyrir haustslátrunina. „Þessi yfirlýsing var okkur og innleggjendum okkar afar mikilvæg og lýsti trausti á fyrirtækið,“ segir Árni.

Daglegur rekstur hefur gengið vel

Að frádregnum fjármagnskostnaði hefur daglegur rekstur Norðlenska gengið vel á þessu ári og raunar betur en gert var ráð fyrir. Salan í júlí er þó undir rekstrarárætlun, sem skýrist að stærstum hluta af samdrætti í sölu lambakjöts. „Engu að síður sýnist mér að júlí komi bærilega vel út rekstrarlega. Þar kemur til að gengið var nokkuð stöðugt og afurðalánin hafa lækkað með minnkandi birgðum, sem aftur þýðir lægri vaxtagreiðslur. Þá hefur okkur tekist að lækka kostnað umtalsvert og eru ýmsir kostnaðarliðir lægri en á síðasta ári. Í þessu sambandi skal þess getið að stöðugildi í fyrirtækinu eru færri en fyrir ári síðan og einnig má nefna að öll yfirstjórn fyrirtækisins hefur tekið á sig launalækkun og það sama hafa stjórnarmenn í Norðlenska gert. Launakostnaður hefur því lækkað frá fyrra ári,“ segir Árni.

Mikið kostnaðaraðhald

Að sögn Árna hefur verið leitast við á ýmsum sviðum að halda kostnaði í lágmarki. Þannig hafi ýmsum viðhaldsverkendum og endurnýjun á tækjabúnaði verið frestað. „Við höfum valið að bíða með ýmis slík verkefni og í stað endurnýjunar á tækjabúnaði hafa viðhaldsmenn okkar gert við tækjabúnað eins og þeir hafa getað í stað þess að kaupa nýjan. Það hefur sömuleiðis verið markvisst unnið í því að draga úr notkun ýmissa rekstrarvara, án þess að það komi á nokkurn hátt niður á gæðum okkar framleiðsluvara.“

Óvissa í gengis- og vaxtamálum

Ef horft er til síðustu mánuða ársins sýnist Árna, að óbreyttu, að daglegur rekstur Norðlenska verði betri en á síðasta ári. Hins vegar séu gengis- og vaxtamál í mikilli óvissu og erfitt að spá fyrir um þróun þeirra. „Við gerðum ráð fyrir því í okkar áætlunum að gengisvísitala krónunnar yrði í árslok 192. Eins og staðan er núna gæti hins vegar stefnt í að hún verði hærri. Verði sú raunin er ljóst að áætlanir okkar munu ekki ganga eftir. En það er vert að hafa í huga að þessi skekkja er eitthvað sem við getum ekki ráðið við, hér er um utanaðkomandi aðstæður að ræða. Við höfum hins vegar náð okkar áætlunum í daglegum rekstri fyrirtækisins og gott betur,“ segir Árni Magnússon.



Gríðarleg aukning hefur orðið í sölu á hamborgurum á síðustu mánuðum.

Unnar kjötvörur í sókn

„Óneitanlega hefur árið 2009 verið frábrugðið undanförunum árum þar sem neyslumynstur neytenda hefur gjörbreyst. Við erum ánægð með sölnuna í ár, en hún er nokkurn veginn í samræmi við okkar áætlanir. En vörusamsetningin er mjög frábrugðin því sem hún var á fyrrihluta síðasta árs,“ segir Ingvar Már Gíslason, markaðsstjóri Norðlenska.

„Unnar kjötvörur hafa sótt í sig veðrið og eiga frekar upp á pallborðið hjá neytendum. Þetta á t.d. við um kjötbúðing, hakkvörur, kjötfars o.fl. Hins vegar hefur gengið hægar að selja dýrari vöðva,“ segir Ingvar. Hann bætir við að sala á grillkjöti í sumar hafi verið svipuð og undanfarin ár, en hins vegar hafi orðið gríðarleg aukning í sölu á hamborgurum og einnig hafi verið mikil sala á öllum tegundum af pylsum. Nærri láti að í einni viku í sumar hafi yfir hundrað þúsund hamborgarar selst. „Við gerðum ráð fyrir að sala á dýrari vöðvum á grillið í sumar myndi dragast saman og jafnframt áttum við von á að fólk myndi grilla meira af hamborgurum og pylsum en áður. Þetta hefur allt gengið eftir og við vorum vel undirbúin fyrir þessar breytingar,“ segir Ingvar.

Af sölutölum má ráða, að sögn Ingvars, að ferðaþjónustan hafi haldið sínum hlut í sumar og vel það. Hvað varðar smásöluverslunina, segir Ingvar að sókn neytenda í lágvöruverðsverslanir haldi áfram á kostnað þjónustverslana.

Ingvar segir að strax og kreppti að í þjóðfélaginu sl. haust hafi Norðlenska markvisst breytt vöruframleiðslu sinni til þess að mæta vaxandi spurn eftir ódýrari matvörum. „Ég tel að okkur hafi tekist ágætlega að mæta þessu breytta neyslumynstri og við erum ennþá að laga okkar framleiðslu að því,“ segir Ingvar og bætir við að erfiðara hafi verið að selja lambakjöt á undanförunum mánuðum, en hins vegar hafi svína- og nautakjöt sótt í sig veðrið. „Við erum að undirbúa okkur fyrir haustið þessa dagana og gerum ráð fyrir ágætis sölu í nýju lambakjöti. Þá gerum við ráð fyrir sprengingu í slátursölu,“ segir Ingvar að lokum.

Um heimtökukjöt

Í haustsláurtíðinni verður heimtaka kjöts með svipuðum hætti og undanfarin ár. Bændur skulu taka allt ferskt heimtökukjöt innan tveggja daga frá slátrun á Húsavík og Höfn. Að gefnu tilefni skal það ítrekað að bændur taki heimtökukjöt sitt í síðasta lagi viku eftir lok sláurtíðar.

Á Akureyri og Egilsstöðum er ferskt kjöt afhent þremur dögum eftir slátrun og frosið kjöt fjórum dögum eftir slátrun. Bændur geta fengið heimtökukjöt annað hvort ferskt eða frosið í heilum skrokkum eða frosið sjöpartasagað eða finsagað.

Á Húsavík er kjötið afhent ferskt í slátruhúsi en frosið (sagað og ósagað) í húsnæði Rækjavinnslunnar á Húsavík (sími 840 8882).

Á Höfn er kjötið afhent í slátruhúsinu.

Á Akureyri gefst bændum kostur á að ná í heimtökukjöt í afgreiðslu Landflutninga við Tryggvabraut á hverjum virkum degi kl. 13-16. Hafið samband við Kristján Sigurðsson í síma 858 8939.

Á Egilsstöðum er kjötið einnig afhent í afgreiðslu Landflutninga virka daga kl. 13-16. Hafið samband við Helga / Hlyn í síma 858 8831.

Þess er óskað að bændur nálgist heimtökukjöt sitt í afgreiðslu Landflutninga á Akureyri og Egilsstöðum eins fljótt og mögulegt er.

Teknar verða kr. 1.750 + vsk. fyrir slátrun pr. dilk og kr 1.960 + vsk. fyrir slátrun á fullorðnu.

Ekki er greitt fyrir sjöpartasögun, en kr. 330 pr. dilk + vsk. fyrir finsögun. Þessi gjöld eru óbreytt frá sl. hausti.

Þar sem útflutningsskylda hefur verið felld niður er ekki lengur til s.k. heimtökuréttur. En Norðlenska hefur ákveðið að ofangreint gildi fyrir kjöt innan heimtökuréttar eins og hann var, eða 240 kg pr. lögbýli.

Þeir sem taka meira heim en sem nemur heimtökurétti hafi samband við framleiðslustjóra, Reyni Eiríksson, í síma 840 8848.

Ástæða er til að undirstrika að óskir um heimtöku berist slátruhúsi á sérstöku eyðublaði eigi síðar en við komu fjárins í réttina. Þar skal tilgreina hvernig kjötið skal afhent, ferskt eða frosið, og þá hvernig sagað. Hafi eyðublaðið af einhverjum ástæðum glatast skal bent á að unnt er að nálgast það á heimasíðu Norðlenska.



Eyðublöð vegna slátrunar

Þeir bændur sem eru nettengdir geta prentað eyðublöðin „Móttaka í fjárbíla“ og „Heimtökublað“ af heimasíðu Norðlenska. Eyðublöðin er að finna á heimasíðunni undir „Bændur/Eyðublöð“.

Þeim bændum sem ekki eru nettengdir er bent á að hafa samband við Svölu Stefánsdóttur á skrifstofu Norðlenska á Akureyri og hún mun síðan senda viðkomandi eyðublöðin í pósti.

Fleiri Íslendingar starfa við haustslátrunina en áður

Í mikilli þenslu á vinnumarkaði á Íslandi á síðustu árum hefur þurft að manna slátruhús Norðlenska að stórum hluta á erlendu vinnuafli. Í ljósi stórauðs atvinnuleysis hér á landi á síðustu mánuðum var því búist við að Íslendingar sýndu því aukinn áhuga að starfa í slátruhúsunum í haust. Það kom því nokkuð á óvart, þegar auglýst var fyrst sl. vor eftir fólki til starfa við haustslátrun, hversu fáir sýndu þessum störfum áhuga. Úr þessu hefur þó ræst töluvert á síðustu vikum og af um 80 starfsmönnum, sem eru ráðnir til starfa í slátruhúsi Norðlenska á Húsavík, eru tæplega þrjátíu Íslendingar, eða 35% starfsmannanna. Um 10% fleiri Íslendingar starfa núna í sláurtíðinni á Húsavík en sl. haust.

Rösklega 50 erlendir starfsmenn koma til starfa á Húsavík, flestir þeirra eru frá Svíþjóð, Póllandi, Bretlandi og Slóvakíu. Athyglisvert er hversu mörg ungmenni frá Svíþjóð sóttu um vinnu. Erfiðast reyndist að fá vana slátrara til starfa.

Ráðningar starfsmanna í haustslátrun Norðlenska á Höfn eru vel á veg komnar, að sögn Jónu Jónsdóttur, starfsmannastjóra Norðlenska, og er stefnt að því að þeim ljúki í lok ágúst, um þremur vikum áður en haustslátrunin hefst.

Útlit er fyrir að í fyrsta skipti í nokkurn tíma starfi fleiri Íslendingar en erlendir starfsmenn við haustslátrunina á Höfn.

Flutningur á sláturfé

Norðlenska sér um flutning sláturfjár í slátruhús, nema um annað sé samið. Reynir B. Ingvason sér um flutninga sláturfjár til Húsavíkur úr Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Sigurður Jónsson flytur sláturfé af Austurlandi til Húsavíkur og Flytjandi annast flutninga sláturfjár á starfssvæði Norðlenska á Höfn.

Óski bændur eftir að flytja sjálfir fé sitt í slátruhús er Norðlenska reiðubúið til samninga þar um.

Slátursala

Slátursala verður á svipuðum nótum og undanfarin ár í slátruhúsum Norðlenska á Húsavík og Höfn.

Slátursala hefst á Húsavík fimmtudaginn 24. september og henni lýkur föstudaginn 9. október. Síminn í slátursölu er 460 8897. Á Höfn er síminn í slátursölu 895 6551. Innleggjendur fá slátur með 50% afslætti.

Niðurröðun sláturfjár

Niðurröðun sláturfjár verður í höndum sömu manna og undanfarin ár.

Um niðurröðun sláturfjár úr Eyjafirði og Þingeyjarsýslum sjá Halldór Sigurðsson á Sandhólum, réttarstjóri Norðlenska á Húsavík – sími 840 8895 – og Sigmundur Hreiðarsson, vinnslustjóri Norðlenska á Húsavík – sími 840 8888.

Niðurröðun sláturfjár af Austurlandi annast Aðalsteinn Jónsson í Klausturseli. Símar hjá honum eru 471 1694, 471 1085 eða 895 1085.

Á starfssvæði Norðlenska á Höfn sér Einar Karlsson, slátruhússtjóri, um niðurröðun – sími 840 8870.

Hef miklar áhyggjur af stöðu íslensks landbúnaðar innan ESB

- segir Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska

„Ég hef miklar áhyggjur af stöðu íslensks landbúnaðar, komi til aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Ég tel að við séum ekki vel undir það búinir að fara þarna inn. Mér virðist sem þeir sem ráði för í þessu eins og mörgum öðrum málum séu ekki tengdir við það sem er að gerast úti í hinum dreifðu byggðum landsins,“ segir Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska.

„Fyrirfram er erfitt að spá fyrir um áhrif ESB-aðildar Íslands, en það liggur þó fyrir skýrsla sem tekur mið af áhrifum aðildar Finnlands að Evrópusambandinu fyrir nokkum árum. Sú skýrsla gerir ráð fyrir lækkingu á verði íslensks lambakjöts um 30-35%. Engu að síður er sagt að sauðfjárbændur muni koma best íslenskra bænda út úr aðild Íslands að ESB! Það liggur ljóst fyrir að með ESB-aðild Íslands verður hrun í innlendri framleiðslu á hvítu kjöti – kjúklinga- og svínakjöti – og þessar kjöttegundir lækka væntanlega í verði. Það myndi aftur þýða enn frekari neyslu á þessum tegundum og um leið samdrátt í neyslu annarra kjöttegunda – lamba- og nautakjöts.“

Styrkjakerfi ESB

Stuðningsmenn aðildar Íslands að Evrópusambandinu hafa sagt að styrkjakerfi ESB gæti nýst íslenskum landbúnaði vel, en Sigmundur segist ekki sjá betur en að styrkjakerfið stuðli að samþjöppun innan greinarinnar. Þannig njóti stærstu vinnslustöðvarnar innan Evrópusambandsins stærstu styrkjanna. Sem dæmi sé hið risavaxna matvælaframleiðslufyrirtæki Danish Crown í Danmörku einn af stærstu styrkþegum ESB-styrkja þar í landi, fyrirtækjasamsteypa sem slátri um og yfir 90% allra svína í Danmörku.

„Hér á landi hefur sauðfjárrækt og



Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska.

landsbyggðarstefna verið nátengd. Hvernig ætla menn að snúa sér í þessum efnunum ef sauðfjárræktin leggst af? Hvaða áhrif hefur það á ferðamannaþjónustuna, sem er eins og kunnugt er vaxandi at-

vinnugrein, ef mikill fjöldi býla fer í eyði? Mér finnst að menn verði að horfa vel á þessa heildarmynd. Staðreyndin er sú að Ísland er komið hvað lengst í borggríksþróun á Vesturlöndum og það yrði að mínu mati stórskadlegt ef atvinnustarfsemi á landsbyggðinni yrði ógnað enn og aftur og þar með yrði ýtt enn frekar undir eflingu borggríkisins. Hvort sem það er viljandi eða óviljandi hefur ESB stuðlað að þessari þróun með því að ýta undir stórrekstur.“

ESB-aðild yrði blóðtaka fyrir Akureyri

„Verði hrun í framleiðslu á svínakjöti með ESB-aðild er rétt að hafa í huga að það stendur að baki fjórðungi af veltu Norðlenska. Verði einnig umtalsverður samdráttur í lamba- og nautakjöti er ljóst að forsendur fyrir óbreyttum rekstri afurðasöluvyrirtækis eins og Norðlenska myndu breyta. Ég tel að fyrir Akureyri væri ESB-aðild mikil blóðtaka, enda byggir bærinn hvað mest héraendrasveitarfélagi á landbúnaði. Hér eru tvö af þremur stærstu kjötvinnslufyrirtækjum landsins og sömu leiðis er hér stór mjólkurstöð. Allt eru þetta fjölmennir vinnustaðir með mikinn fjölda afleiddra starfa,“ segir Sigmundur.

Bændur bóki slátrun nautgripa tímanlega

Bændur sem vilja koma með nautgripi til slátrunar í sláturhúsi Norðlenska á Akureyri eru beðnir að hafa samband sem fyrst til þess að skrá þá. Núna er eilítil biðlisti í slátrun á Akureyri. Sem stendur er verið að bóka slátrun nautgripa í nóvember. Ítrekað er að bændur hafi samband sem fyrst til þess að bóka slátrun.

Á meðan á haustslátrun dílka stendur á Höfn verður ekki slátrað nautgripum þar. Þeir bændur sem vilja koma nautgripum til slátrunar á Höfn eru hvattir til þess að hafa sem allra fyrst samband við Einar Karlsson, sláturhússtjóra.

NORÐLENSKA

Símaskrá

Húsavík		Akureyri	
Sauðfjárrétt	460 8895	Skrifstofa	460 8850
Réttarstjóri	840 8895		
Stöðvarstjóri	460 8888	Höfn	
Skrifstofa	460 8880	Skrifstofa	460 8870
Fax	460 8881	Slátursala	895 6551
Heimtökusögun	840 8882		
Frysting	840 8896		
Slátursala	460 8897		
Mötuneyti	460 8887		

Símar hjá bílstjórum

Eyjafjörður - Þingeyjarsýslur

Reynir B. Ingvason	464 3518 / 893 1018
Aðalsteinn Guðmundsson	464 1955 / 892 7276
Jónas Jónasson	862 3211
Benedikt Arnbjörnsson	862 7703
Árni Þorbergsson	893 9596

Austurland

Sigurður Jónsson	893 4480
Hilmar	899 4367
Björn	848 5141

Höfn

Flytjandi (Einar Karlsson veitir uppl. um símanúmer)